



Skipulagsnefnd Skaftárhrepps Fundargerð

Fundur nr. 140 **Málsnr 1801006** verður haldinn á Kirkjubæjarstofu á Kirkjubæjarklaustri, mánudaginn 8. október 2018 klukkan 15:00.

Mætt eru til fundar Jón Hrafn Karlsson formaður nefndarinnar, Bjarki Guðnason og Gústaf B. Pálsson. Kristbjörg Hilmarsdóttir Z-lista boðar forföll í hennar stað er mætt Jóna Björk Jónsdóttir. Davíð Andri Agnarsson D-lista boðar forföll í hans stað er mættur Rúnar Þ. Guðnason. Einnig er mætt Sandra Brá Jóhannsdóttir sveitarstjóri sem jafnframt ritar fundargerð. Margrét Ólafsdóttir er mætt fyrir hönd skipulagsfulltrúa á skype.

Formaður býður fundarmenn velkomna. Formaður óskar eftir eftirtöldum viðbótum á dagskrá;

- 11. Framkvæmdaleyfi vegna lagningar ljósleiðara frá Prestsbakka að Fossi á Síðu.**
- 12. 1808003 Íbúðabyggð sunnan Skaftár**

Dagskrárbreyting samþykkt.

1. 1805002 Breyting á aðalskipulagi í landi Efri-Víkur og Hrífunes s

Lögð fram tillaga að breytingu á skipulagsuppdrætti og greinargerð í samræmi skipulagslög nr. 123/2010. Um er að ræða breytingu þar sem gert er ráð fyrir nýju verslunar- og þjónustusvæði í landi Efri-Víkur og stækkun verslunar- og þjónustusvæðis (V2) við Hrífunes.

Skipulagsnefnd felur skipulagsfulltrúa að auglýsa tillöguna í samræmi við 31. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

2. 1703008 Breyting á deiliskipulagi í Efri-Vík

Gerð er tillaga að breytingu á deiliskipulagi Efri-Víkur. Sauðagata 12 og Selhólavegi 9 er breytt úr frístundabyggð í verslun og þjónustu. Bætt er við greinargerð deiliskipulagsins kafla 7.3 Verslun og þjónusta. Inni á hvorri lóð er ein bygging og ekki er gerð breyting á hámarksstærð bygginga innan lóðar.

Skipulagsnefnd felur skipulagsfulltrúa að auglýsa tillöguna í samræmi við 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010

3. 1807004 Breyting á deiliskipulagi í Hrífunesi

Gerð er tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Hrífunesi í Skaftártungu landnr. 163371. Breytingin felur í sér að stækka skipulagsreit V2 fyrir verslun og þjónustu þannig að göturnar Stóratofa og Mástorfa falli inni reitinn.

Skipulagsnefnd felur skipulagsfulltrúa að auglýsa tillöguna í samræmi við 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010

4. 1704007 Deiliskipulag Ásar.

00 GBP JH
BOG 03J

Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi sem nær til 10.000 m² landspildu úr landi Ása. Deiliskipulagið tekur til byggingarreits fyrir gestahús.

Skipulagsnefnd felur skipulagsfulltrúa að auglýsa tillöguna í samræmi við 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

5. 1804001 Deiliskipulag Laufskálavörðu.

Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi Laufskálavörðu sem nær yfir um 5,1 ha svæði. Innan svæðisins á að byggja upp áningarstað með ómönnuðu þjónustuhúsi og bílastæðum í landi Skálmabæjar. Markmið deiliskipulagsins er að styrkja og auka þolmörk svæðisins og aðstöðu svo það geti betur tekið á móti þeim fjölda sem sækir og mun sækja svæðið í framtíðinni.

Skipulagsnefnd felur skipulagsfulltrúa að auglýsa tillöguna í samræmi við 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

6. 1810002 Umsókn um héraðsveg (þjóðveg) heim að bænum Flögu 2.

Vegagerðinni hefur borist umsókn um héraðsveg (þjóðveg) heim að bænum Flögu 2 í Skaftárhreppi. Skv. 5. gr. reglugerðar nr. 774/2010 um héraðsvegi, skal umsókn m.a. fylgja staðfestur skipulagsuppdráttur af fyrirhugaðri legu vegar og eftir atvikum deiliskipulag mannvirkja sem ætlunin er að nýr vegur muni tengja.

Skipulagsfulltrúi kynnir málið fyrir skipulagsnefnd.

7. 1810003 Hátún.

Kynning á skipulagshugmyndum þar.

Frestað þar sem engin gögn bárust fyrir fundinn.

Jóna Björk Jónsdóttir lýsir yfir vanhæfi og vikur af fundi vegna næsta dagskrárliðar.

8. 1810001 Skilgreining iðnaðarsvæðis í Skaftárdal.

Að skilgreint verði í Aðalskipulagi Skaftárhrepps iðnaðarsvæði fyrir virkjun í landi Skaftárdals.

Skipulagsnefnd vísar málinu til endurskoðunar á aðalskipulagi Skaftárhrepps.

Jóna Björk Jónsdóttir kemur aftur til fundarins.

9. 1608001 Hólmur verndarsvæði í byggð.

Lögð er fram til kynningar tillaga að verndarsvæði í byggð fyrir Hólmi. Skráning menningarminja, þ.e. fornleifaskráning og húsakönnun liggja til grundvallar mati á varðveislugildi svipmóts byggðar. Framtíðarsýn um verndun og uppbyggingu Hólms miðar að því að varna þeim mannvirkjum í Hólmi sem spila hlutverk í merkri menningarsögu staðarins frá skemmdum og vernda þau og þá menningarsögu sem þau vitni um til framtíðar.

Staða verkefnisins kynnt fyrir skipulagsnefnd.

10. 1807016 Endurskoðun aðalskipulags Skaftárhrepps.

JBJ GBP JHK
BUG 837.

Umræða og yfirferð yfir hvaða hluta aðalskipulagsins væri æskilegt að endurskoða.
Skipulagsnefnd óskar eftir því að sveitarstjórn tilnefni fimm fulltrúa til setu í stýrihópi ásamt skipulagsfulltrúa til að hefja vinnu við endurskoðun aðalskipulags.

11. Framkvæmdaleyfi vegna lagningar ljósleiðara frá Prestsbakka að Fossi á Síðu.

Sveitarstjóri Skaftárhrepps fh. Orkufjarskipta sækir um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu stofnlagnar og heimtauga ljósleiðara frá Prestsbakka að Fossi á Síðu. Leyfi landeigenda, Vegagerðar og Fiskistofu liggja fyrir ásamt umsögn frá Minjastofnun.
Skipulagsnefnd samþykkir veitingu leyfisins og felur skipulagsfulltrúa að ljúka málinu.

12. 1808003 Íbúðabyggð sunnan Skaftár

Sveitarstjórn fól skipulagsnefnd á 424. fundi sínum að koma með tillögur að ákjósanlegum staðsetningum íbúðabyggðar sunnan Skaftár í samráði við landeiganda svo hægt sé að verða við eftirspurn eftir íbúðarhúsalóðum við Kirkjubæjarklaustur.
Skipulagsnefnd mun vinna málið ásamt skipulagsfulltrúa.

Fundargerð lesin upp og samþykkt

Fundi slitið 17:18

J. Ólafur Jónsson

Guðrún B. Pálsson

Lárus Guðmundsson

Bjarki V. Guðmundsson

Sandra Brá Jóhannsdóttir